



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefnd
Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 4. nóvember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar), 173. mál.

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (hagnaður erlendra aðila, kaupréttir o.fl.), 173. mál, 157. löggjafarþing. Samtökin fagna breytingunum sem lagðar eru til með frumvarpinu en nái þær fram að ganga verða þær til mikilla hagsbóta fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Samtökin vilja þó koma á framfæri athugasemdum hvað varðar skattlagningu á kaupréttum í sprotafyrirtækjum en nauðsynlegt er að sníða hnökra af gildandi lagabókstaf til þess að markmið hans náist.

Frumvarpið felur í sér endurflutning og útfærðar breytingar á frumvarpi sama efnis sem lagt var fram á 154. og 155. löggjafarþingi (þingskjal 281 — 155. mál) og skiluðu samtökin umsögn vegna málsins.¹ Markmið frumvarpsins er að bæta samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs með því að skýra og einfalda ákvæði sem varða skattlagningu á hagnaði erlendra fjárfesta, nýtingu á yfirfæranlegu tapi nýsköpunarfyrirtækja og einföldun á skattlagningu vegna nýtingar kaupréttar í sprotafyrirtækjum.

II. Hagnaður erlendra aðila og hlutdeildarskírteini

Auðlind tækni- og hugverkafyrirtækja er þekking byggð á rannsóknum og þróun og til að byggja upp slík fyrirtæki þarf greiðan aðgang að fjármagni. Vegna smæðar innlands markaðar er aðkoma erlendra fjárfesta nauðsynleg. Erlendir fjárfestar og sjóðir koma jafnframt oft inn með dýrmæta sérfræðiþekkingu, reynslu og alþjóðleg tengsl sem erfitt er að nálgast innanlands, einkum í sérhæfðum greinum iðnaðar.

Samtökin fagna því markmiði fjármála- og efnahagsráðherra að liðka sérstaklega fyrir erlendra fjárfestingu í nýsköpun á Íslandi og einfalda regluverk í kringum skattlagningu á söluhagnaði erlendra aðila vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Regluverk hér á landi er að mörgu leyti íþyngjandi fyrir erlenda fjárfesta og hamlar aðgengi íslenskra nýsköpunarfyrirtækja að erlendu fjármagni.

Samtökin fagna því að til standi að fella brott skattskyldu vegna hagnaðar erlendra aðila á sölu hlutabréfa í nýsköpunarfyrirtækjum. Með breytingunni væri tekið jákvætt skref til að auka fyrirsjáanleika og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Breytingin einfaldar regluverk, styrkir umgjörð fjárfestinga og getur haft sérstaklega jákvæð áhrif á nýsköpunarfyrirtæki sem reiða sig á erlent hlutafé til vaxtar og þróunar. Með þessu skapast hagstæðara umhverfi fyrir erlenda fjárfesta og eykur hvata fyrir erlenda aðila til að fjárfesta í íslenskum hugverka- og tæknifyrirtækjum.

¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-2610.pdf>



Samtökin hvetja stjórnvöld áfram á þeirri vegferð að styðja við fjárfestingu í rannsóknum og þróun, efla tengsl við alþjóðlega fjárfesta og styrkja þannig framboðshlið hagkerfisins.

III. Kaupréttir í sprotafyrirtækjum

Ein helsta vaxtahindrun hugverkaiðnaðar í dag, ekki aðeins hér á landi heldur víða um heim, er skortur á sérfræðingum. Nýleg greining SI sýnir að það vantar um 9 þúsund sérfræðinga á næstu fimm² árum til að hámarka vaxtagetu fyrirtækja í hugverkaiðnaði. Öflugt kaupréttarkerfi er lykilatriði til þess að vaxtarfyrirtæki geti fengið til sín vel menntaða og reynslumikla sérfræðinga til þess að keyra áfram þróun, vöxt og markaðssetningu. Mikilvæg skref voru tekin árið 2023 þegar lögfest var heimild til þess að skattleggja hagnað af nýtingu kaupréttar starfsfólks í sprotafyrirtækjum sem fjármagnstekjuskatt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Nú tveimur árum síðar er tilefni til þess að endurskoða ákveðin atriði hvað varðar þessi skilyrði.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins felur í sér að afnumin verði sú regla 1. tölul 1. mgr. 10. gr. a laga um tekjuskatt sem takmarkar skattalega hagkvæmni kaupréttar við þá starfsmenn sem koma að framkvæmd staðfests rannsóknar- og þróunarverkefnis. Í reynd hefur þessi regla reynst flókin og erfið í framkvæmd. Á upphafsárum sprotafyrirtækja snýst allt starf fyrirtækisins um að þróa vöru eða þjónustu og koma henni á markað. Allir starfsmenn leika lykilhlutverk í þeim efnum, hvort sem þeir eru stjórnendur, vísindamenn, sérfræðingar í rannsóknum og þróun, fjármálum eða markaðs- og sölustörfum. Samtökin telja að fyrirhuguð breyting á ákvæðinu sé til bóta þar sem hún skýrir gildandi reglur og viðurkennir betur það mikilvæga hlutverk markaðs- og sölustarfs í nýsköpunarfyrirtækjum. Með því að víkka skilgreininguna eykst fyrirsjáanleiki og fleiri lykilstarfsmenn fá tækifæri til að nýta þá skattalegu hagkvæmni sem ákvæðið tryggir sem styrkir hvata til að byggja upp og halda hæfu starfsfólki innanlands.

Samtökin telja þó að enn þurfi að skoða hvort ákvæðið hafi raunverulegt notagildi fyrir sprotta- og vaxtafyrirtæki í hugverkaiðnaði. Samtökin eru hlynnt því að ákvæðið nái til raunverulegra sprotafyrirtækja og sýna því skilning að setja þurfi skýr mörk í lögum en telja að skilyrðin í lögunum séu of þröng til þess að ná utan um starfandi sprotafyrirtæki á Íslandi. Sérstaklega hafa samtökin áhyggjur af því skilyrði að sprotafyrirtæki þurfi að hafa undir höndum staðfestingu á rannsóknar- og þróunarverkefni frá Rannís. Styr hefur staðið um þessa framkvæmd hjá Rannís að undanförunu og er staðreyndin sú að fyrirtæki getur verið sprotafyrirtæki jafnvel þótt það fái ekki endurgreiðslu vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Samtökin leggja til að skilyrðið um staðfestingu Rannís á rannsóknar- og þróunarverkefni verði fellt úr ákvæðinu og að frekar verði miðað við að í endurskoðuðum ársreikningi komi fram að ákveðinn hluti veltu sé tileinkaður rannsóknum og þróun, til dæmis 10% sbr. skilgreining á sprotafyrirtæki í 9. málsl. 2. mgr. 18. gr.

Þá ítreka samtökin það sem hefur fram komið í umsögnum samtakanna um kauprétti í sprotafyrirtækjum á fyrri stigum³ að stærðarmörk fyrir hvað teljist sprotafyrirtæki eru löngu orðin úrelt. Stærðarmörkin má finna í 2. tölul. 3. mgr. 1. tölul. B. liðar. 1. mgr. 30. gr. tskl. en þar er miðað við að sprotafyrirtæki hafi ekki fleiri en 25 starfsmenn og árlega veltu undir 650 milljónum króna. Þessi stærðarmörk hafa verið í gildi síðan árið 2016 og aðstæður síðan þá hafa gjörbreyst. Mikilvægt er að endurskoða þessi mörk til þess að lögin endurspegli verðlagsþróun og starfsumhverfi sprotafyrirtækja eins og það er í dag. Samtökin leggja til að greinin verði uppfærð á þann veg að miðað sé við að fyrirtæki hafi ekki fleiri en 50 starfsmenn

² https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Vaenta-77-fjolgunar-starfsfolks-i-taekni-og-hugverkaidnadi-a-naestu-fimm-arum-02-02-2024.pdf

³ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/SI_frumvarp-til-laga-um-R-Th-og-kaupretti_061222.pdf



og árleg velta sé undir milljarði. Þetta viðmið er í samræmi við skilgreininguna á litlu fyrirtæki í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 en þar er gert ráð fyrir að starfsmannafjöldi lítils fyrirtækis fari ekki yfir 50 manns og velta fyrirtækis nemi ekki meira en 10 milljónum evra sem eru í dag tæpur 1,5 milljarður íslenskra króna. Almennt er á Íslandi í dag miðað við að sprotafyrirtæki sé komið af fyrstu stigum þegar árleg velta er komin yfir milljarð, til að mynda beita Rannís, HR og SI þeim viðmiðum við úthlutun Vaxtarsprotans⁴. Þá má nefna að 650 milljónir uppfærðar samkvæmt vísitölu neysluverðs í júní 2016 eru í dag tæpar 830 milljónir. Til viðbótar má nefna að 50 starfsmanna viðmiðið er í samræmi við til að mynda reglur í Svíþjóð.

IV. Yfirfæranlegt rekstrarlegt tap

Samtökin fagna því að til standi að afnema tíu ára tímamörk á því hvenær megi nýta rekstrartap til frádráttar framtíðartekjum. Fyrirtæki í flóknum rannsóknum og þróun eru oft í mörg ár og jafnvel áratugi að vinna að sínum lausnum áður en nokkrar tekjur verða af starfseminni. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki í djúptækni, lyfja- og líftækni og leikjainnaði. Með breytingunni fá þau raunhæfan möguleika á að draga tapið frá tekjum þegar starfsemin fer að bera ávöxt, sem styrkir lausafjárstöðu þeirra, dregur úr fjárhagslegri áhættu og gerir fjárfestingu í nýsköpunarverkefnum aðlaðandi fyrir frumkvöðla og fjárfesta.

Samtökin hafa lengi vakið athygli stjórnvalda á því að tíu ára fyrning á yfirfæranlegu tapi sé hamlandi og ekki í samræmi við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Því hvetja samtökin Alþingi til þess að tryggja að þessi mikilvæga breyting nái í gegn á yfirstandandi þingi. Samtökin vilja þó vekja athygli á því að ákvæðið takmarkar ávinning fyrir þau nýsköpunar- og vaxtarfyrirtæki sem þegar hafa lagt út í kostnað og myndað rekstrartap fyrir árið 2026 og hvetja stjórnvöld til að endurskoða bráðabirgðaákvæði til að tryggja jafnræði á milli allra fyrirtækja.

V. Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa einstaklinga

Í frumvarpinu er ekki tekið á mikilvægu hvatakerfi þegar kemur að fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja á fyrstu stigum, skattfrádrætti einstaklinga vegna hlutabréfakaupa í sprotafyrirtækjum, sbr. b. liður 1. mgr. 30. gr. tskl. Framlengja þarf hvatakerfið en að óbreyttu rennur það út í ár. Á undanföllum árum hefur það hefur framlengt um 1-2 ár í senn en fyrirsjáanleikans vegna væri til bóta að úrræðið yrði framlengt að minnsta kosti í tíu ár til viðbótar.

Sem fyrr segir er ein helsta áskorun sprotafyrirtækja aðgengi að fjármagni og á upphafsstigum gegna fjársterkir einstaklingar, oft kallaðir englafjárfestar, sköpum í að koma verkefnum á koppinn. Þetta eru þeir fjárfestar sem fjárfesta í eigin nafni á upphafsstigum nýsköpunarfyrirtækja, en slíkir fjárfestar eru í mörgum tilvikum sjálfir frumkvöðlar og koma því einnig oft að starfsemi nýsköpunarfyrirtækja með þekkingu og ráðgjöf til viðbótar við fjárfestingu.

Þetta skattahvatakerfi var innleitt árið 2016 og gerði nýsköpunarfyrirtækjum kleift að sækja um rétt til þess að heimila einstaklingsfjárfestum að draga frá tekjuskattstofni sínum allt að 50% af fjárhæð sem hann sýnir að sé til komin vegna fjárfestinga í sprotafyrirtæki. Þessi réttur stendur til boða fyrirtækjum með 25 starfsmenn eða færri og minna en 650 m.kr. í veltu og/eða efnahagsreikning sbr. stærðarviðmið fyrir sprotafyrirtæki.

⁴ [Vaxtarsprotinn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)





Samtökin hvetja Alþingi til þess að framlengja hvatann og skoða það að auka hlutfallið sem mögulegt er að draga frá tekjuskattstofni. Þá ítreka samtökin nauðsyn þess að endurskoða fyrrnefnd stærðarviðmið um sprotafyrirtæki, sjá umræðu í kafla um kauprétti.

V. Lokaorð

Frumvarpið er mikilvægt skref til að efla samkeppnishæfni Íslands gagnvart erlendum fjárfestum og styrkja stoðir nýsköpunar. Útflutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðar námu námu 309 milljörðum króna árið 2024, sem er tvöföldun á fimm árum, og greinin hefur fest sig í sessi sem fjórða meginstoð útflutnings þjóðarbúsins. Markvissar skatta- og regluverksbreytingar, til dæmis hvað varðar kauprétti og yfirfæranlegt tap, geta haft raunveruleg áhrif á verðmætasköpun, fjárfestingu í rannsóknum og þróun og getu fyrirtækja til að laða að og halda sérfræðingum. Með samþykkt frumvarpsins og áframhaldandi einföldun og skýrleika í skattalegri meðferð kaupréttá og taps er unnt að treysta grunn að áframhaldandi vexti hugverka- og tækniiðnaðar og þar með bæta framleiðni, lífskjör og langtímahagvöxt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði


Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði